# Betri vinnutími í vaktavinnu

## Vaktasmiður 2

Markmið námskeiðs er að vaktasmiðir þekki lykilatriði vaktaskýrslugerðar á vinnustað tengt betri vinnutíma í vaktavinnu.



# Hvers vegna var kennd breytingarstjórnun í Vaktarsmiður 1 ?

- Styrkja vaktasmiði í að takast á við breytingar í starfsumhverfinu
- Efla aðlögunarhæfni þátttakenda gagnvart breytingum
- Fá verkfæri sem geta aukið kjark og sjálfstraust til að takast á við breytingar af festu og öryggi.



# Markmið og leiðarljós verkefnisins



# Vinnutími

Vinnutími vaktavinnufólks styttist úr 40 í 36
virkar stundir á viku eða úr 173,33 í 156 klukkustundir
að meðaltali á mánuði.



# Markmið og leiðarljós

Markmið breytinganna er að bæta starfsumhverfi og launamyndun vaktavinnufólks með það að leiðarljósi að:

- auka öryggi starfsfólks og skjólstæðinga
- vaktavinna verði eftirsóknarverðari
- bæta samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs
- vinnutími og laun taki betur mið af vaktabyrði og verðmæti staðins tíma
- bæta andlega, líkamlega og félagslega heilsu starfsfólks
- bæta starfsumhverfi
- stytta vinnutíma
- auka stöðugleika í mönnun
- gera launamyndunarkerfi einfaldara og gagnsærra
- draga úr þörf og hvata til yfirvinnu
- auka hagkvæmni í nýtingu fjármuna
- bæta gæði opinberrar þjónustu



# Ávinningur fyrir starfsfólk

- Betri starfsandi
- Aukinn frítími
- Bætt heilsa
- Fyrirsjáanleiki
- Jafnrétti



- Rannsóknir hafa sýnt að vaktavinnufólk er í aukinni hættu á að fá ýmsa sjúkdóma
- Vinna á óreglulegum tímum hefur áhrif á fjölskyldu og heilsu

✓ [Fræðslumyndband um ávinning fyrir starfsfólk]



# Af hverju leiðarljósin 3?






**Vaktavinna**



- Jafnvægi
- Heilsa
- Svefn & þreyta
- Mistök
- Öryggi og slys

# Vaktaálag og vægi vinnuskyldustunda



# Vaktaálag

Jafnvægi

Vaktaálagsflokkum fjölgar þannig að vaktaálag á næturvöktum hækkar frá því sem nú er og við bætist nýtt vaktaálag á sérstökum stórhátíðardögum.

## Núverandi vaktaálag

| | Morgunvakt | Kvöldvakt | Næturvakt |
|---|---|---|---|
| Mán. | 0 | 33,33% | 55% |
| Þri. | 0 | 33,33% | 55% |
| Mið. | 0 | 33,33% | 55% |
| Fim. | 0 | 33,33% | 55% |
| Fös. | 0 | 55% | 55% |
| Lau. | 55% | 55% | 55% |
| Sun. | 55% | 55% | 55% |

| | |
|---|---|
| Stórhátíðardagar | 90% |

## Vaktaálag verður

| | Morgunvakt | Kvöldvakt | Næturvakt |
|---|---|---|---|
| Mán. | 0 | 33,33% | 65% |
| Þri. | 0 | 33,33% | 65% |
| Mið. | 0 | 33,33% | 65% |
| Fim. | 0 | 33,33% | 65% |
| Fös. | 0 | 55% | 75% |
| Lau. | 55% | 55% | 75% |
| Sun. | 55% | 55% | 75% |

| | |
|---|---|
| Stórhátíðardagar | 90% |
| | 120% |

**120% álag**
Aðfangadagur kl. 16-00
Jólanótt kl. 00-08
Gamlársdagur kl. 16-00
Nýársnótt kl. 00-08

# Vægi vinnuskyldustunda

Vinnuskyldustundir vaktavinnufólks utan dagvinnumarka samkvæmt skipulagðri vaktskrá og innan vinnutímaskyldu hafa ólíkt vægi við útreikning vinnuskila.

Vinnuskil vaktavinnufólks í fullu starfi fer aldrei undir 32 vinnustundir á viku að jafnaði.

**Vægi vinnuskyldustunda er**

| | Morgunvakt | Kvöldvakt | Næturvakt |
|---|---|---|---|
| Mán. | 1 | 1 | 1 |
| Þri. | 1 | 1 | 1 |
| Mið. | 1 | 1 | 1 |
| Fim. | 1 | 1 | 1 |
| Fös. | 1 | 1 | 1 |
| Lau. | 1 | 1 | 1 |
| Sun. | 1 | 1 | 1 |

**Vægi vinnuskyldustunda verður**

| | Morgunvakt | Kvöldvakt | Næturvakt |
|---|---|---|---|
| Mán. | 1 | 1,05 | 1,20 |
| Þri. | 1 | 1,05 | 1,20 |
| Mið. | 1 | 1,05 | 1,20 |
| Fim. | 1 | 1,05 | 1,20 |
| Fös. | 1 | 1,05 | 1,20 |
| Lau. | 1,05 | 1,05 | 1,20 |
| Sun. | 1,05 | 1,05 | 1,20 |

# Hverju þarf að huga að í starfsmannahópi til að tryggja flestum jafnræði í vægi vinnuskyldustunda?

# Vaktahvati



# Vaktahvati

Vaktahvati greiðist sem hlutfall mánaðarlauna vegna fjölbreytileika og fjölda vakta á launatímabili samkvæmt skiplögðum vöktum innan vinnutímaskyldu.

**Hlutfall vaktahvata**

| | Fjöldi tegunda vakta | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi vakta** | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 19 | | 10,0% | 12,5% | 12,5% |
| 18 | | 7,5% | 10,0% | 12,5% |
| 17 | | 7,5% | 7,5% | 12,5% |
| 16 | | 2,5% | 7,5% | 10,0% |
| 15 | | 2,5% | 2,5% | 7,5% |
| 14 | | | 2,5% | 7,5% |



# 1. Vaktahvati

Lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda á hverju launatímabili utan dagvinnumarka (á 33,33%, 55%, 65% og 75% álagi) eru 42 vinnuskyldustundir.



# 2. Vaktahvati

Vaktir eru flokkaðar í fjórar tegundir; dagvaktir, kvöldvaktir (33,33% álag), næturvaktir á virkum dögum (65% álag) og helgarvaktir (55% og 75% álag).

**Vaktahvati – tegundir vakta**

| | Morgunvakt | Kvöldvakt | Næturvakt |
|---|---|---|---|
| Mán. | a | b | c |
| Þri. | a | b | c |
| Mið. | a | b | c |
| Fim. | a | b | c |
| Fös. | a | d | d |
| Lau. | D | d | d |
| Sun. | d | d | d |



# 3. Vaktahvati

Lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda í hverri tegund vakta skal vera 15 vinnuskyldustundir.



# 4. Vaktahvati

Starfsmaður þarf að standa vaktir í tveimur til fjórum tegundum vakta, 14 sinnum eða oftar til þess að njóta vaktahvata.



# 5. Vaktahvati

Vaktahvati greiðist sem hlutfall mánaðarlauna vegna fjölbreytileika og fjölda vakta á launatímabili.

**Hlutfall vaktahvata miðast við eftirfarandi töflu:**

| | Fjöldi tegunda vakta | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi vakta** | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 19 | | 10,0% | 12,5% | 12,5% |
| 18 | | 7,5% | 10,0% | 12,5% |
| 17 | | 7,5% | 7,5% | 12,5% |
| 16 | | 2,5% | 7,5% | 10,0% |
| 15 | | 2,5% | 2,5% | 7,5% |
| 14 | | | 2,5% | 7,5% |



# Hverju þarf að huga að til að tryggja starfsfólki sem hæstan vaktahvata og jafnræði?

# Yfirvinna, árleg vinnuskylda og breytingargjald



# Yfirvinna

Yfirvinna er greidd með tímakaupi, sem skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2.
Tímakaup í yfirvinnu 1 verður 0,9385% og í yfirvinnu 2 verður tímakaupið 1,0385% af mánaðarlaunum.

**Yfirvinna er**

| | Morgunvakt | Kvöldvakt | Næturvakt |
|---|---|---|---|
| Mán. | 1,0385% | 1,0385% | 1,0385% |
| Þri. | 1,0385% | 1,0385% | 1,0385% |
| Mið. | 1,0385% | 1,0385% | 1,0385% |
| Fim. | 1,0385% | 1,0385% | 1,0385% |
| Fös. | 1,0385% | 1,0385% | 1,0385% |
| Lau. | 1,0385% | 1,0385% | 1,0385% |
| Sun. | 1,0385% | 1,0385% | 1,0385% |

**Yfirvinna verður**

| | Morgunvakt | Kvöldvakt | Næturvakt |
|---|---|---|---|
| Mán. | 0,9385% | 1,0385% | 1,0385% |
| Þri. | 0,9385% | 1,0385% | 1,0385% |
| Mið. | 0,9385% | 1,0385% | 1,0385% |
| Fim. | 0,9385% | 1,0385% | 1,0385% |
| Fös. | 0,9385% | 1,0385% | 1,0385% |
| Lau. | 1,0385% | 1,0385% | 1,0385% |
| Sun. | 1,0385% | 1,0385% | 1,0385% |

**Yfirvinna 1**
- Milli kl. 08 og 17 virka daga

**Yfirvinna 2**
- Eftir kl. 17 virka daga til kl. 08 og um helgar
- Greiðist fyrir vinnu umfram 38:55 stundir á viku

# Árleg vinnuskylda

Árleg vinnuskylda vaktavinnufólks sem vinnur á reglubundnum vöktum skal að jafnaði vera sú sama og hjá dagvinnufólki.
Jöfnun vinnuskila kemur í stað helgidagafrís og bætingar.

**Vinnutími vaktavinnumanna var**

| Vikur | Jan. | Feb. | Mar. | Apr. | Maí | Jún. | Júl. | Ágú. | Sep. | Okt. | Nóv. | Des. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 16 | 40 | 40 | 24 | 40 | 40 | 24 | 40 | 32 | 16 | 40 | 32 |
| 2 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 |
| 3 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 |
| 4 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 | 40 |
| 5 | 40 | | 16 | 32 | | 16 | 40 | 8 | 32 | 40 | 8 | 32 |

Helgidagafrí eða bæting

**Vinnutími vaktavinnumanna verður (m.v. dagatal 2020)**

| Vikur | Jan. | Feb. | Mar. | Apr. | Maí | Jún. | Júl. | Ágú. | Sep. | Okt. | Nóv. | Des. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 14,4 | 36 | 36 | 21,6 | | 28,8 | 21,6 | 28,8 | 28,8 | 14,4 | 36 | 28,8 |
| 2 | 36 | 36 | 36 | 21,6 | 36 | 36 | 36 | 36 | 36 | 36 | 36 | 36 |
| 3 | 36 | 36 | 36 | 28,8 | 36 | 28,8 | 36 | 36 | 36 | 36 | 36 | 36 |
| 4 | 36 | 36 | 36 | 28,8 | 28,8 | 36 | 36 | 36 | 36 | 36 | 36 | 25,2 |
| 5 | 36 | | 14,4 | 28,8 | 36 | 14,4 | 36 | 7,2 | 21,6 | 36 | 7,2 | 25,2 |

Lækkun á vinnuskilum

# Leiðbeiningar – jöfnun vinnuskila

**Um jöfnun vinnuskila gildir:**

- Að jafnaði skal taka út lækkun á vinnuskilum vegna sérstakra frídaga innan tímabils vaktskrár.
- Starfsmaður getur óskað eftir því að safna upp vinnuskilum vegna sérstakra frídaga og stórhátíðardaga. Óski starfsmaður eftir því skal hann tilkynna sínum yfirmanni um það fyrir framlagningu vaktskrár þegar ávinnsla á sér stað.
- Yfirmanni er skylt að verða við óskum starfsmanns enda verði því viðkomið vegna starfsemi stofnunar.
- Miðað skal við að uppsafnaðir dagar nái ekki yfir lengra tímabil en þörf er á með hliðsjón af óskum starfsfólks og þörfum starfseminnar.
- Á sumarorlofstíma er orlofsúttekt í forgangi umfram uppsöfnun vinnuskila vegna sérstakra frídaga og stórhátíðardaga.



# Jöfn vinnuskil – dæmi um uppsöfnun

*Starfsmaður óskar eftir því að safna upp vinnuskilum vegna frídaga í apríl til úttektar vegna fyrirhugaðrar afmælisferðar í september. Hægt er að verða við því starfseminnar vegna og safnar starfsmaðurinn upp vinnuskilum sem nemur 4*7,2 klst. = 28,8 klst. Um er að ræða frídaga sem falla á skírdag, föstudaginn langa, annan í páskum og uppstigningardag. Vinnuskil starfsmanns í apríl verða þá 36 klst. á viku, án þess að tekið sé tillit til vægi vinnuskyldustunda, eða sú sama og ef ekki væru rauðir dagar sem bæru upp á virka daga. Starfsmaðurinn er þá + 28,8 klst. í vinnuskilum eftir apríl mánuð sem hann mun jafna út í september.*

Vinnuskil Apríl  156

Vinnuskil September 156-28,8 =127,2



# Breytingargjald

- Vaktskrá breytt með minna en 24 klst. fyrirvara
- Vaktskrá breytt með minna en viku fyrirvara
- Vakt umfram vinnuskyldu með minna en 24 klst. fyrirvara á tímabilinu 17-24 á föstudögum, 20-08 mánudaga til föstudaga, 00-24 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga

**Var**

- **2-3 klst í yfirvinnu**

**Verður**

- Breyting á vaktskrá krefst almennt samþykki starfsmanns
- **Breytingagjald 1,3-2%**

Öryggi

Heilsa

Jafnvægi

# Heildarmynd



| Atriði | Núverandi samningur | Nýr samningur, fylgiskjal 2 |
|---|---|---|
| **Mánaðarleg vinnuskylda** | 173,33 (40 per viku) | 156 (36 per viku) |
| **Helgidagafrí og bæting** | Í boði | Vinnuskil til jafns við dagvinnumenn |
| **Dagvinnuhlutfall** | 0,615% | 0,632% |
| **Vaktaálag** | 33,33%<br>55%<br>90% | 33,33%<br>55%<br>65%<br>75%<br>90%<br>120% |
| **Bakvaktaálag** | 33,33%<br>45%<br>90% | 33,33%<br>45%<br>90%<br>120% |
| **Vægi vinnuskyldustunda** | Engar | 1,05 - á sama tíma og 33,33% og 55% álag<br>1,2 - á sama tíma og 65%, 75% |
| **Gólf á vinnuskyldu** | 40 | 32 |
| **Vaktahvati** | Ekki í samningi | 0-12,5% |
| **Yfirvinna** | 1,0385% | Tvískipt:<br>0,9385% á milli kl. 08:00-17:00 virka daga upp að 38,92 stundum<br>1,0385% á milli kl. 17:00-08:00 virka daga, um helgar og eftir 38,92 stunda vinnuskil |
| **Kaffitímar per vakt** | 0,42 (25 mín) | 0 |
| **Kaffitímar per klst í yfirvinnu** | 0,10 (12 mín) | 0 |
| **Aukatímar <sólarhringur** | 3 klst. í yfirvinnu | Breytingargjald 2% af mánaðarlaunum |
| **Aukatímar <vika** | 2 klst. í yfirvinnu | Breytingargjald 1,3% af mánaðarlaunum |
| **Refsitímar** | 2 klst. í yfirvinnu | Breytingargjald 1,3% af mánaðarlaunum |

# Betri vinnutími vaktavinnufólks



# Aukið starfshlutfall hlutastarfandi

Betri vinnutími vaktavinnufólks eykur möguleika hlutastarfandi til að vinna hærra starfshlutfall en áður og þannig hækka tekjur sínar.

Það er réttur hlutastarfandi við upptöku betri vinnutíma vaktavinnufólks að hækka starfshlutfall sitt sem nemur a.m.k. styttingu vinnuvikunnar.



# Hafa þarf í huga!

A. Réttur starfsmanns til að auka við sig starfshlutfall

B. Aukið starfshlutfall vegna vægi vinnustundar
   - Verður ólíkt ef starfsfólk tekur ekki jafnmargar stundir utan dagvinnumarka
   - Er eingöngu í boði ef mönnunarþörf krefst þess

C. Aukið starfshlutfall vegna mönnunargats
   - Er eingöngu í boði ef mönnunarþörf krefst þess



# Hvaða fleiri atriði þarf að hafa í huga varðandi hækkun starfshlutfalls?

# Betri vinnutími
# í vaktavinnu

Hvað stýrir lengd
vakta og fjölda starfsmanna á hverjum tíma sólarhrings og á milli daga?



# Hvað stýrir lengd vakta og fjölda starfsfólks á hverjum tíma?






# Þörf þjónustunnar = Þörf fyrir mönnun

| | |
|---|---|
| Starfsemi flugvallar | 7-8 |
| Sundlaug | 7-8 |
| Gjörgæsla | 8 |
| Heimili fyrir fatlaða | 7-8 |



**Er greining gagna skýr í ykkar starfsemi?**

**Er mönnunarþörfin skýr?**

# Forgangsröðun hagsmunahópa






# Leiðbeiningar frá stýrihópi – Lengd vakta

- Auk leiðarljósanna um öryggi, heilsu og jafnvægi vinnu og einkalífs þarf við skipulag vaktakerfa að hafa í huga rétta forgangsröðun hagsmuna. Starfsemin ræður för, þar á eftir starfsmannahópurinn og jafnræði innan hans og því næst einstaka starfsmenn og óskir þeirra.
- Mikilvægt er að hafa í huga meginreglur hvíldartímalöggjafar um 11 tíma hvíld á sólarhring, vikulegan frídag og 48 klst. hámarksvinnuskyldu á viku.
- Æskilegt er að vaktir séu skipulagðar réttsælis eftir sólarhringnum og líkamsklukkunni, þannig að fyrst komi morgunvakt, svo kvöldvakt, svo næturvakt og svo hvíld. Ekki er mælt með að teknar séu fleiri en 2-3 tegundir af vöktum af hverri tegund (morgun-, kvöld-, næturvakt) áður en hvíld er tekin eða skipt um tegund.
- Almennar ráðleggingar stýrihóps betri vinnutíma í vaktavinnu eru að lengd vakta sé á bilinu 6-9 klukkustundir.
- Í þeim tilfellum þar sem það hentar starfsemi og einstaka starfsmönnum að hafa styttri vaktir en 6 klst. er hægt að hafa vaktir styttri, þó ekki styttri en 4 klst.  Æskilegt er að taka þetta til umfjöllunar í umbótasamtali.
- Sérstaklega er mælt gegn því að láta starfsfólk mæta oftar en einu sinni til vinnu á sama degi, t.d. frá 8-12 og svo 16-20.
- Eins er mælst er til þess að dregið verði úr 12 tíma vöktum og helst að horfið verði frá þeim enda eru þær utan ramma kjarasamninga og ganga gegn markmiðum betri vinnutíma í vaktavinnu um öryggi og heilsu.  Þá leiða þær oft til brota á hvíldartímareglum, svo sem um 48 stunda hámark vinnutíma á viku.
    - Þar sem mikil vaktabyrði er um helgar kann að vera betra fyrir starfsemi, starfsmannahóp og einstaka starfsmenn að vaktir um helgar séu allt að 12,5 klst. (byggir þá á undanþágu). Þetta er meðal þess sem má skoða í umbótasamtali og mikilvægt er að hafa samráð við starfsfólk.

Bent er sérstaklega á fræðslumyndband um hvernig best er að haga skipulagi og lengd vakta sem og annað fræðsluefni á vef verkefnisins www.betrivinnutimi.is.

# Hvernig á ég að skipuleggja vaktir?

- Lengd vakta ≤ 8-9 klst.
- Vaktir skipulagðar réttsælis m-k-n-hvíld
- Skipta um tegund að tveggja til þriggja daga fresti
- Hvíldartímalöggjöf virt 11-35-48



Öryggi

Heilsa

Jafnvægi

# Dæmi 1

Starfshlutfall: 100 %

| | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Vika 1** | U 15:30 L 23:30<br>8 h<br>8.325 h | U 15:30 L 23:30<br>8 h<br>8.325 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 23:00 L 08:00<br>9 h<br>10.65 h | U 23:00 L 08:00<br>9 h<br>10.65 h | U 23:00 L 08:00<br>9 h<br>10.65 h |
| **Vika 2** | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 08:00 L 16:00<br>8 h<br>8 h | U 08:00 L 16:00<br>8 h<br>8 h | U 08:00 L 16:00<br>8 h<br>8 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h |
| **Vika 3** | U 23:00 L 08:00<br>9 h<br>10.65 h | U 23:00 L 08:00<br>9 h<br>10.65 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 08:00 L 16:00<br>8 h<br>8 h | U 08:00 L 16:00<br>8 h<br>8.4 h | U 08:00 L 16:00<br>8 h<br>8.4 h |
| **Vika 4** | U 08:00 L 16:00<br>8 h<br>8 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 15:30 L 23:30<br>8 h<br>8.325 h | U 15:30 L 23:30<br>8 h<br>8.325 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h |
| **Vika 5** | U 15:30 L 23:30<br>8 h<br>8.325 h | U 23:30 L 08:00<br>8.5 h<br>10.125 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h |

Vinnuframlag: 149.5 klst

Vinnuskylda: 161.8 / 156.00 klst

| Stéttarfélag | Launagreiðandi | Starfshlutfall | Útborgaður launaflokkur | Útborgað þrep |
|---|---|---|---|---|
| Framsýn stéttarfélag | Samband íslenskra sveitarfélaga | 100 % | 117 | 2 |

**Núverandi launatafla:** 01.01.2021

| | Einingar | Taxti | Rkn. Fjárhæð |
|---|---|---|---|
| Mánaðarlaun | 100% | 376.527 | 376.527 |
| Vaktahvati við 100% | 12.5% | 376.527 | 47.066 |
| Vaktaálag I (33,33%) | 35 | 793 | 27.755 |
| Vaktaálag II (55%) | 19 | 1.309 | 24.871 |
| Vaktaálag III (65%) | 24 | 1.547 | 37.128 |
| Vaktaálag IV (75%) | 24 | 1.785 | 42.840 |
| Orlof af vaktahvata | 47.066 | 13.04% | 6.137 |
| Orlof af vaktaálagi | 132.594 | 13.04% | 17.290 |
| Mánaðarleg vinnuskylda (klst) | 156,0 | | |
| Stytting v/vægi vakta (a.t.t. 32 tíma gólfs) | 12,8 | | |
| Vinnuframlag (klst) | 143,2 | | |
| Fjöldi vakta | 18,0 | | |
| Fjöldi klst í dagvinnu | 41,1 | | |
| Dagvinnutaxti | 2.380 | | |
| Virði unnina klst (meðaltímakaup) | 4.048 | | |
| Heildarlaun | | | 579.614 |

# Dæmi 2

Starfshlutfall: 100 %

| | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Vika 1** | U 06:00 L 14:00<br>8 h<br>8.4 h | U 06:00 L 14:00<br>8 h<br>8.4 h | U 06:00 L 14:00<br>8 h<br>8.4 h | U 06:00 L 14:00<br>8 h<br>8.4 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h |
| **Vika 2** | U 15:00 L 23:00<br>8 h<br>8.3 h | U 15:00 L 23:00<br>8 h<br>8.3 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 07:00 L 15:00<br>8 h<br>8.2 h | U 09:00 L 17:00<br>8 h<br>8.4 h | U 09:00 L 17:00<br>8 h<br>8.4 h |
| **Vika 3** | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 15:00 L 23:00<br>8 h<br>8.3 h | U 15:00 L 23:00<br>8 h<br>8.3 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h |
| **Vika 4** | U 06:00 L 14:00<br>8 h<br>8.4 h | U 06:00 L 14:00<br>8 h<br>8.4 h | U 06:00 L 14:00<br>8 h<br>8.4 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 06:00 L 14:00<br>8 h<br>8.4 h | U 09:00 L 17:00<br>8 h<br>8.4 h | U 09:00 L 17:00<br>8 h<br>8.4 h |
| **Vika 5** | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 15:00 L 23:00<br>8 h<br>8.3 h | U 15:00 L 23:00<br>8 h<br>8.3 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h | U 00:00 L 00:00<br>0 h<br>0 h |

Vinnuframlag: 152 klst

Vinnuskylda: 158.8 / 156.00 klst

| Stéttarfélag | Launagreiðandi | Starfshlutfall | Útborgaður launaflokkur | Útborgað þrep |
|---|---|---|---|---|
| Sameyki | Reykjavíkurborg | 100 % | 250 | 2 |

**Núverandi launatafla:** 01.01.2021

| | Einingar | Taxti | Rkn. Fjárhæð |
|---|---|---|---|
| Mánaðarlaun | 100% | 474.257 | 474.257 |
| Vaktahvati við 100% | 12.5% | 474.257 | 59.282 |
| Vaktaálag I (33,33%) | 36 | 999 | 35.964 |
| Vaktaálag II (55%) | 32 | 1.649 | 52.768 |
| Vaktaálag III (65%) | 13 | 1.948 | 25.324 |
| Vaktaálag IV (75%) | 4 | 2.248 | 8.992 |
| Orlof af vaktahvata | 59.282 | 13.04% | 7.730 |
| Orlof af vaktaálagi | 123.048 | 13.04% | 16.045 |
| Mánaðarleg vinnuskylda (klst) | 156,0 | | |
| Stytting v/vægi vakta (a.t.t. 32 tíma gólfs) | 6,9 | | |
| Vinnuframlag (klst) | 149,1 | | |
| Fjöldi vakta | 19,0 | | |
| Fjöldi klst í dagvinnu | 64,1 | | |
| Dagvinnutaxti | 2.997 | | |
| Virði unnina klst (meðaltímakaup) | 4.563 | | |
| Heildarlaun | | | 680.362 |

# Vaktareiknir

Vaktareiknir er falinn á www.betrivinnutimi.is tímabundið. Ástæða þess er að hann er ekki að þjóna þeim tilgangi sem honum var ætlað á þessum tíma í innleiðingu???




**<u>Eftirfarandi breytingar í farvatninu:</u>**

- Vaktareikni breytt þannig að hægt sé að setja inn ,,nýtt vinnufyrirkomulag“ og sjá niðurstöðu launa miðað við það
- Yfirfara talningu á fjölda vakta
- Uppfæra launatöflur miðað við 1. jan 2021

# Vaktakerfi

- Hver launagreiðandi ber ábyrgð á sínum kerfishlutum
- Kerfin komin mislangt
- Sum tilbúin en önnur ekki
- Kennsla á kerfi verður í höndum þeirra þjónustuaðila sem um ræðir



**Lykilatriði = Uppfylla kjarasamninga**

# Vinnutími og hvíldartímareglur



# Vinnutími



Um vinnutíma er fjallað í kjarasamningum. Í kjarasamningum 2020 var samið um betri vinnutíma, svo vinnutími vaktavinnufólks verður 36 stundir frá 1. maí 2021.

Dagvinnumörk eru skilgreind í kjarasamningi. Oft eru þau á milli 8 og 17 á virkum dögum, en þó má semja um annað.

Hámarksvinnutími að yfirvinnu meðtalinni skal ekki vera umfram 48 klukkustundir á viku að meðaltali.

Hámark næturvinnu skal að jafnaði ekki vera meira en 8 klst. á sólarhring.

# Hvíldartímareglur

- Reglur um hvíldartíma eru í lögum og kjarasamningum.
- Lágmarksreglur og á almennt ekki að víkja frá þeim.
- Settar með heilsu og öryggi starfsmanna að leiðarljósi.
- Stjórnandi ber meginábyrgð, en starfsmenn bera líka ábyrgð.






# Meginreglur

- **Lágmarkshvíld** á sólarhring 11 tímar samfellt.
- Reiknað frá upphafi vinnudags eða vaktar.

- **Mikilvægasta reglan og á ekki að víkja frá henni við framlagningu vaktaskýrslu.**









# Frávik frá daglegri lágmarkshvíld

- Ef upp koma ófyrirséð atvik má einnig stytta hvíld í 8 klst.
  - Halda þarf uppi nauðsynlegri öryggis- eða heilbrigðisþjónustu.
  - Bjarga þarf verðmætum.
  - Slys, náttúruhamfarir.

- Of stutt hvíld milli vakta getur haft alvarleg áhrif á heilsu og öryggi starfsfólks.



# Vikulegur frídagur

- Á hverju sjö daga tímabili skal starfsmaður fá minnst einn frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma.
  - 24 klst. + 11 klst. = 35 klst.
- Almenna reglan er sunnudagur, en heimilt að víkja frá því.



# Frítökuréttur

- Ef brot verða skapast frítökuréttur.
- Ef stjórnandi fer fram á að starfsmaður mæti til vinnu áður en 11 klst. lágmarkshvíld er náð skapast frítökuréttur, 1,5 klst. (í dagvinnu) fyrir hverja klukkustund sem hvíldin skerðist.
- Starfsmaður á ekki að mæta aftur til vinnu fyrr en hann hefur náð 11 klst. hvíld nema hann hafi sérstaklega verið beðinn um það.
- Einnig ef vikulegur frídagur skerðist.



# Virðum hvíldartímareglur

- Hvíldartímareglur eru settar með hagsmuni starfsfólks að leiðarljósi.
- Hingað til hefur oft verið erfitt að skipuleggja vaktskrá, sérstaklega hjá fólki í fullu starfi, og virða hvíldartíma.
- Með betri vinnutíma verður auðveldara að virða lágmarksreglur um hvíldartíma.
- Mikilvægt er að starfsfólk og stjórnendur þekki reglur og virði þær.



# Fræðsluefni



# www.betrivinnutimi.is







**Fara í áskrift**



# Fræðsluefni um nýja/breytta þætti í launamyndun

- ✓ Betrivinnutimi.is
- ✓ Vægi vinnuskyldustunda og vaktaálag
- ✓ Vaktahvati
- ✓ Yfirvinna, breytingagjald og árleg vinnuskylda
- ✓ Betri vinnutími á 2 mín – teiknimynd um öll helstu atriðin



# Spurt og svarað

- Búið að svara fjölmörgum spurningum á vefnum betrivinnutimi.is
- Ágætt að leita þar ef spurningar vakna

✓ Spurt og svarað um vaktavinnu

- Á hverjum vinnustað ætti að vera aðili sem ber ábyrgð á innleiðingunni, t.d. í mannauðsdeild. Þangað er hægt að leita.
- Annars hægt að leita til stéttarfélaga, svo innleiðingarhópa og eftir atvikum verkefnastjórnar/stýrihóps









# Fyrirlestrar opnir á vef

https://betrivinnutimi.is/vaktavinna/fraedsluefni/

# Betri vinnutímí í vaktavinnu á:

## www.facebook.com

**Allir að deila með sínu samstarfsfólki og kollegum!**



# Tímalína – Mikilvægar dagsetningar

**22. Janúar**

| 15. Janúar | 1. Febrúar | 15. Mars | 2. Apríl | 1. Maí |
|---|---|---|---|---|
| Starfsfólk í hlutastarfi þarf að svara hvort ætli að auka við sig starfshlutfall | Mat stjórnanda á því hvort mönnunar-forsendur standist þarf að liggja fyrir | Drög að vaktaskýrslu | Vaktaskýrsla samþykkt | Betri vinnutími í vaktavinnu tekur gildi! |

# Samantekt

- Um er að ræða einstakt tækifæri
    - Bæta starfsumhverfi vaktavinnufólks
    - Bæta launamyndun
    - Auka jafnræði í starfsmannahópi
    - Gegnsæi og skilvirkni í starfsemi
    - Aukinn stöðugleiki í starfsemi
- Jafnir möguleikar fyrir allt starfsfólk á að fá:
    - Vaktahvata
    - Vægi vinnuskyldustunda
- 11 klst. milli vakta á vaktaskýrslum
    - Undanþágu á ekki að nota nema í neyðartilfellum!



